



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 6. desember 2022
2209686/021.00 SSF

Efni: Starfshópur um breytingar á bæjarmálasamþykkt.

Fulltrúar meirihluta bæjarráðs leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarráð samþykkir að skipa starfshóp um breytingar á bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar. Skoða skal sérstaklega hvort ástæða sé til þess að breyta fjölda nefnda og skipunartíma í nefndir auk þess að breyta ákvæðum um framsal á valdi til starfsfólks bæjarins til fullnaðarafgreiðslu mála.

Starfshópurinn verði skipaður þremur bæjarfulltrúum, tveimur frá meirihluta og einum frá minnihluta. Með hópnum starfi bæjarritari og lögfræðingur frá lögfræðideild.

Starfshópurinn skal skila tillögum um breytingar á bæjarmálasamþykkt til forsætisnefndar.

Bæjarráð vísar afgreiðslu tillögunnar til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllt,

Ásdís Kristjánsdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

bæjarstjóri



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026